



Betanía, Christ Gospel Church, Iceland

Betanía, Christ Gospel Church Iceland
Stangarhyl 1, 110 Reykjavík, Iceland
www.betania.is | www.facebook.com/betania.is

Reykjavík 14. mars 2020
Tilkynning vegna Covid-19

Tímabundin breyting á starfsemi Betaníu, Christ Gospel Church Iceland.

Vegna tilmæla stjórnvalda um samkomubann og fjarlægðartakmarkanir gildir eftirfarandi dagskrá hjá okkur frá og með deginum í dag, 14. mars, í 4 vikur, eða á meðan bannið er í gildi. Þessi áætlun verður endurskoðuð vikulega og við tilkynnum breytingar ef þörf er á.

Þriðjudagar - Bænastund kl. 20:00

Laugardagar - Bænastund kl. 20:00

Á sunnudögum mun Magnús Gunnarsson vera með boðskap í gegnum netið bæði á ensku og íslensku.

Öll önnur hefðbundin dagskrá fellur niður.

Vinsamleg tilmæli til ykkar sem koma á bænastund:

- Fjarlægðartakmarkanir eru í gildi og þýðir það að það skuli vera 2 metrar á milli einstaklinga. Við mælumst til að einstaklingar sitji saman og að það séu lágmark 4 stólar eða gangvegur á milli þeirra og næstu fjölskyldu/einstaklings.
- Ef þú ert lasinn eða hefur verið í kringum aðra sem eru eða hafa verið veikir skaltu vera heima.
- Ef þú ert í áhættuhópi biðjum við þig vinsamlega að vera heima.
- Við erum vön að heilsast með handabandi eða faðmlagi. Næstu daga og vikur skulum við forðast allar snertingar við aðra einstaklinga.

Við höfum fullan skilning á því ef þú treystir þér ekki til að koma á bænastundir næstu vikurnar.

Með kærri kveðju
Magnús Gunnarsson
Forstöðumaður Betaníu